

Miðvikudaginn 10. desember 1975.

Nr. 4/1975. **Guðbjartur Pálsson**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Hermanni Kristjánssyni

(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Dó m e n d u r:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.**

Víxilmál. Réttarfarssekt. Veðréttur í bifreið.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 13. janúar 1975. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Kröfugerð áfrýjanda er eigi studd neinum haldbærum rökum.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Áfrýjun máls þessa er gersamlega að ófyrirsynju. Þykir rétt að dæma áfrýjanda, Guðbjarti Pálssyni, 5.000 króna sekt í ríkissjóð samkvæmt 2. tölulið 1. málsg. 188. gr. laga nr. 85/1938, sbr. 18. gr. laga nr. 33/1963 og 58. gr. laga nr. 75/1973, og komi í hennar stað 2 daga varðhald, ef sektin verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðbjartur Pálsson, greiði stefnda, Her-

manni Kristjánssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Áfrýjandi greiði 5.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 2 daga í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. desember 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Hermann Kristjánsson, Hvassaleiti 87, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. maí 1974, á hendur Guðbjarti Pálssyni bifreiðarstjóra, Bragagötu 38 A í Reykjavík, til greiðslu á víxilskuld að fjárhæð kr. 950.000 ásamt 1.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 5. apríl 1974 til greiðsludags, kr. 2.280 í stimpilkostnað auk málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Enn fremur krefst stefnandi staðfestingar á veðrétti sínum fyrir víxilskuldinni í bifreiðinni R 1134, sem er Ford, árgerð 1974, en hinn 17. janúar 1974 gaf stefndi út tryggingarbréf með víxlinum, þar sem víxilskuldin er tryggð með 2. veðrétti í áðurnefndri bifreið.

Hin umstefnda skuld er samkvæmt víxli, útgefnum 17. janúar 1974 af stefnanda, en samþykktum til greiðslu af stefnda við sýningu, þar sem enginn gjalddagi er tiltekinn. Stefnandi heldur því fram, að hinn umstefndi víxill hafi verið sýndur til greiðslu í Sparisjóði vélstjóra í Reykjavík hinn 5. apríl 1974. Víxillinn hefur eigi fengist greiddur þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Við munnlegan flutning málsins bar stefnandi fram þá varakröfu varðandi vexti, að stefndi yrði alla vega dæmdur til að greiða hina umstefndu vexti frá þingfestingardegi hinn 30. maí 1974, enda hafi honum þá í síðasta lagi verið sýndur víxillinn til greiðslu, ef eigi yrði talið sannað, að honum hafi verið sýndur hann hinn 5. apríl 1974.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en við munnlegan flutning málsins setti stefndi fram þá varakröfu, að hann yrði sýknaður gegn greiðslu á kr. 555.000 auk 1.5% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 30. maí 1974 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hér hafi verið um sýningarvixil að ræða og borið hafi að sýna hann innan árs, sbr. 34. gr. víxillaga nr. 93/1933. Afsagnargerð hafi eigi farið fram vegna greiðslufalls hans, sbr. 64. gr. víxillaganna. Vegna þessa hafi stefnandi glatað víxilrétti sínum gegn stefnda vegna van-
gæmslu í sambandi við greiðslu víxilsins.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að víxillinn hafi verið sýndur í Sparisjóði vélstjóra hinn 5. apríl 1974. Gegn andmælum af hálfu stefnda er þessi staðhæfing stefnanda ósönnuð. Hins vegar var víxillinn lagður fram við þingfestingu máls þessa hinn 30. maí 1974, og um leið verður að telja, að fram hafi farið á honum fullnægjandi sýning. Víxillinn er útgefinn hinn 17. janúar 1974. Samkvæmt 34. gr. víxillaga nr. 93/1933 ber að sýna sýningarvixla innan eins árs frá útgáfudegi. Víxillinn var í síðasta lagi sýndur til greiðslu við þingfestingu málsins hinn 30. maí 1974. Víxillinn var því sýndur til greiðslu innan þess frests, sem mælt er fyrir um í 34. gr. víxillaga. Þessi sýknuástæða stefnda hefur því eigi við rök að styðjast, enda glatar stefnandi, sem er löglegur handhafi víxilsins, ekki rétti sínum á hendur stefnda, sem er samþykkjandi víxilsins, þótt afsagnargerð vegna greiðslufalls færi ekki fram, sbr. 53. gr. víxillaganna.

Í öðru lagi byggir stefndi varnir sínar á því, að hann hafi verið búinn að greiða kr. 395.000 upp í hinn umstefnda víxil til fyrri eiganda hans, Björgvins Hermannssonar, sonar stefnanda. Hefur stefndi lagt fram kvittanir þessu til áréttingar. Kvittanir þessar eru þrjár, útgefnar 5. febrúar 1974, að fjárhæð kr. 300.000, 7. mars 1974, að fjárhæð kr. 50.000, og 12. mars 1974, að fjárhæð kr. 45.000. Engin þessara kvittana ber það með sér beinlínis, að stefndi hafi greitt nefndar fjárhæðir upp í hina umstefndu víxilskuld. Ekki ber víxillinn það heldur með sér, að nokkuð hafi verið greitt inn á hann.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að aðrar varnir fái að komast að í víxilmáli þessu en um getur í 208. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Þegar af þessari ástæðu er eigi unnt að taka greinda varnarástæðu stefnda til greina, sbr. 208. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, svo og vegna ákvæða 17. gr. víxillaga nr. 93 frá 19. júní 1933.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi er dæmdur til að greiða stefnanda, sem er löglegur handhafi víxilsins, hina umstefndu fjárhæð auk krafinna vaxta frá 30. maí 1974 til greiðsludags, enda

er ósannað gegn andmælum af hálfu stefnda, að víxillinn hafi verið sýndur til greiðslu fyrr en við þingfestingu málsins, hinn 30. maí 1974.

Þá er staðfestur 2. veðréttur stefnanda fyrir víxilskuldinni í fólksbifreiðinni R 1134, sem er Ford, árgerð 1974, sbr. tryggingarbréf, útgefið af stefnda hinn 17. janúar 1974 og þinglesið athugasemdalaust 21. sama mánaðar, en stefnandi er handhafi bréfs þessa.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 102.000.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbjartur Pálsson, greiði stefnanda, Hermanní Kristjánssyni, kr. 950.000 ásamt 1.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 30. maí 1974 til greiðsludags, kr. 2.280 í stimpilkostnað og kr. 102.000 í málskostnað.

Staðfestur er 2. veðréttur stefnanda fyrir framangreindri víxilskuld í fólksbifreiðinni R 1134, sem er Ford, árgerð 1974, sbr. tryggingarbréf, útgefið af stefnda hinn 17. janúar 1974.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.